

Nr. 20-057 S 041 Björgvin EA 311***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1937
IMO 8709808
Útgerð: Samherji Ísland ehf.
Smíðaður: Flekkefjord Noregi, 1988
Stærð: 498,8 brl. 1142,0 bt.
Mesta lengd: 50,53 m *Skráð lengd:* 48,48 m
Breidd: 12,0 m *Dýpt:* 7,3 m
Vél: Deutz 1.635 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 13



Björgvin©Vigfús Markússon

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 26. febrúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 28. mars 2020 var Björgvin EA 311 á togveiðum út af Norðurlandi. Veður: SV 10-18 m/s.

Skipverji var við vinnu við frágang á fiski í kör og stóð við það ofan í fiskikari í annarri hæð. Útdraganlegt færiband var ofan á fiskikari í þriðju karahæð en þegar hreyfing kom á skipið féll það niður með þeim afleiðingum að það lenti á vinstri fæti skipverjans.

Við rannsókn kom fram:

- að færibandið var laust í annan endann og ekki vel skorðað ofan í fiskikarið;
- að slasaði marðist og átti erfitt með gang fyrst á eftir.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.